Guðmundur G. Gunnarsson

From: Matthias Kjartansson <matti.kjartansson@gmail.com>
Sent: föstudagur, 24. júní 2022 13:35
To: Skipulag
Subject: Kársnesbraut 108 - breyting á deilskipulagi

Góðan daginn,

Varðandi breytt deiliskipulag vegna Kársnesbrautar 108, þá hef ég í rauninni ekkert út á þessar breytingar að setja sem íbúi á Kársnesbraut 125.

Hinsvegar þá er mér spurn hvers vegna deiliskipulagi er breytt löngu eftir að búið er að framkvæma þær breytingar sem um er rætt. Byggingaraðili er löngu síðan búinn að bæta þessum fermetrum við bygginguna og einnig utanáliggjandi svölunum sem talað er um. Þarf byggingaraðili ekki fyrst að fá leyfi fyrir framkvæmdum, kannað hvort framkvæmdir samræmist skipulagi og fái síðan grænt ljós um framkvæmdirnar frá Bæjarbatteríinu og framkvæmi síðan skv. heimildum?

Annað sem vert er að athuga er hvort farið sé eftir teikningum og samþykktum. Skv. teikningum hússins að Kársnesbraut 108 þá eiga að vera "vinnustofur" á annarri hæð og íbúðir á þriðju hæðinni en í fasteignaauglýsingum undanfarið eru báðar hæðirnar auglýstar sem íbúðir og myndir sem fylgja fasteignaauglýsingum allar úr endaíbúð á annarri hæð, greinilega ekki vinnustofur.

Er ekkert eftirlit á vegum Kópavogsbæjar sem fylgist með því að farið sé eftir samþykktum teikningum eða geta byggingaraðilar farið í breytingar og framkvæmdir og fengið svo samþykkir frá hendi Bæjarins eftirá? Er ekki reglan sú að teikningar séu fyrst lagðar fram, þær fari gegnum ákveðið ferli innan Bæjarapparatsins til samþykktar og síðan sé eftirlit á vegum Bæjarins sem fylgist með því að farið sé eftir þeim og ef ekki þá sé reglan sú að stöðva framkvæmdir þar til öll leyfi séu fyrir hendi?

Þætti gott að fá einhver viðbrögð við þessum athugasemdum/spurningum.

Kveðjur
Matthías Kjartansson
Kársnesbraut 125,
200 Kópavogi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 16.11.2026